

**1. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2018, haldinn 31. janúar 2018 í Flúðaskóla kl. 14:00. 19. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Jón Bjarnason, Ásmundur Lárusson, Ingvar Hjálmarsson, Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri og Guðbjörg Viðarsdóttir, fulltrúi kennara.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Sjálfsmatsáætlun 2017 - 2020**
- 3. Velferðarvaktin. Aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi.**
- 4. Bréf frá foreldrum vegna breyttra tímasetninga á skólahaldi**
- 5. Beiðni um að nemandi fái leyfi til að stunda nám við Flúðaskóla sem gestanemandi frá norskum skóla.**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

- Ýmislegt hefur á daga okkar drifið síðan á síðasta skýrsla skólastjóra var lögð fram á skólanefndarfundi. Ekki verða tíundaðir allir viðburðir enda hægt að lesa um þá á heimasíðu skólans og Facebooksíðu þar sem kennarar eru mjög virkir við að setja inn fréttir af skólahaldi.
- Um áramótinn hætti einn nemandi í Flúðaskóla en annar hóf nám hjá okkur þannig að fjöldi nemanda er sá sami og fyrir áramót.
- Hanna Björk stuðningsfulltrúi hefur sagt upp störfum og óskaði eftir að hætta um áramót en þar sem ekki tókst að manna stöðuna að fullu þá verður viðkomandi í skertu starfshlutfalli út uppsagnartíma, eða til 1. mars. Þetta var leyst innanhúss þannig að Dúna skólaritari eykur við sig tímabundið, þangað til Jóhanna Bríet kemur úr fæðingarorlofi og mun Ragnheiður síðan fá framlengingu á

afleysingarstarfi sínu til vors en hún hefði annars átt að ljúka störfum þann 1. mars næstkomandi.

- Það er ánægjulegt að segja frá mjög miklum framförum nemenda, í öllum árgöngum, í hraðlestri og viljum við skrifa það alfarið á gott utanum hald og lestrarnámskeið sem allir nemendur taka þátt í. Jafnframt því að nemendur verði hraðlæsir við þá aðferð sem beitt er á lestararnámskeiðum, þá hefur Flúðaskóli einnig innleitt aðferð sem nefnist Orð af orði og hjálpar nemendum við orðaforða og orðaskilning, þegar þetta tvennt kemur saman og árangur næst, getum við útskrifað nemendur sem eru vel læsir bæði hvað varðar hraðlæsi og skilningi á texta. Menntamálastofnun hafði samband við okkur á dögnum og vildi fá upplýsingar um hvað við erum að gera þar sem við komum sérlega vel út í samanburði við sambærilega skóla jafnframt hrósuðu þeir okkur fyrir læsisstefnu Flúðaskóla.
- Krakkarnir í unglिंगadeildinni tóku þátt í verkefninu "Öðruvísi jóladagatal" í desembermánuði. Þau söfnuðu góðri peningaupphæð fyrir börn í Kósóvó sem kemur sér eflaust vel. Svona verkefni þroska samkennd hjá nemendum og kenna þeim að allir geta látið gott af sér leiða.
- Sameiginlegur starfsdagur kennara í Flúðaskóla og Þjórsárskóla var í Flúðaskóla þann 3. janúar. Fyrst var fyrirlestur um "Sjálfsmynd grunnskólabarna" Anna Sigríður Jökulsdóttir sálfræðingur fjallaði um sjálfsmynd barna og unglinga í grunnskóla, hvað einkennir sterka sjálfsmynd, hverjir eru grundvallarþættir sjálfsmyndar og hvernig má hafa áhrif á þá þætti. Eftir það hittust kennarar og báru saman bækur sínar og ræddu áherslur í kennslu.
- Sveitakeppni grunnskóla Suðurlands í skák fór fram í Fischer setrinu 26. janúar. Þátttaka var ágæt og árangur Flúðaskóla glæsilegur. Uppskeran var 2 silfur og 1 brons en a-sveit í eldri flokki var aðeins hársbreidd frá sigri.
- Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru í síðustu viku á Bett, sem er ráðstefna og sýning á öllu því nýjasta í tölvutækni í skólastarfi, kynntu sér það nýjasta á sviði tölvu- og upplýsingartækni í kennslu enda mikilvægt að fylgjast vel með. Flúðaskóli hefur staðið sig vel í innleiðingu á tölvu- og upplýsingatækni og í samtölum við skólafólk af Suðurlandi má sjá að við erum mjög framarlega í þeim málum miðað við aðra skóla á Suðurlandi. Flúðaskóli kemur til með að hýsa fyrstu Menntabúðir í upplýsingatækni sem haldnar verða á Suðurlandi í byrjun febrúar og munu margir kennarar skólans verða með kynningar á hinum ýmsu tækjum og forritum sem notuð eru í skólanum.
- Markvisst er unnið að því innan skólans að efla þekkingu kennara á þeim forritum og tækjum sem hægt er að nota í kennslu. Það gerum við meðal annars með því hafa svokallaðar kveikjur en það eru stuttir fundir einu sinni í viku þar sem kennarar kynna fyrir kennurum það sem þeir eru að nota í sinni kennslu. Kennarar láta vel að þessari aðferð, þar sem hver og einn getur valið hvað hann hefur áhuga á og not fyrir í sinni kennslu.
- Sjálfsmatshópur innan skólans hefur unnið að því að uppfæra sjálfsmatsáætlun Flúðaskóla 2017 – 2020 og verður hún lögð fram á fundinum undir öðrum lið.

## **2. Sjálfsmatsáætlun 2017 – 2020**

Skólastjóri kynnti sjálfsmatsáætlun fyrir Flúðaskóla 2017-2020.

## **3. Velferðarvaktin. Aðgerðir til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi**

Skólanefnd fagnar þeim tillögum að aðgerðum sem koma frá Velferðarvaktinni til að auka hlutfall nemenda sem ljúka framhaldsskólanámi og vona að sem flestar þeirra komi til framkvæmda.

## **4. Bréf frá foreldrum vegna breyttra tímasetninga á skólahaldi**

Skólastjórnendur munu funda með viðkomandi foreldrum.

## **5. Beiðni um að nemandi fái leyfi til að stunda nám við Flúðaskóla sem gestanemandi frá norskum skóla**

Skólanefnd gerir ekki athugasemd við að nemandinn komi hingað sem gestanemandi til reynslu. Skólastjóri útbýr samning sem foreldrar skrifa undir.

## **6. Önnur mál**

### **a) Innleiðing öryggishandbókar og öryggisstefnu grunnskóla í kjölfar álits Persónuverndar í Mentor máli og nýjum persónuverndarlögum.**

Skólanefnd mælir með að Flúðaskóli taki þátt í verkefninu.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:16